ALMENNT

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014. Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar lítillar virkjunar í Birnudal með afl mest um 950 kW.

Fyrirhuguð framkvæmd er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar þar sem hún fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana n.t.t. B flokk í lið 3.23, þar sem um ræðir vatnsorkuver með uppsett afl yfir 200 kW.

FORSENDUR OG MARKMIÐ SKIPULAGSGERÐAR

Fyrirhugað er að byggja vatnsaflsvirkjun í Birnudal, allt að 950 kW. Áætlunin miðar að rennslisvirkjun sem nýtir vatnsrennsli Birnudalsár án miðlunarlóns. Aðstæður á þessu svæði eru ákjósanlegar þar sem rennsli árinnar er jafnt, engin fiskgengd er í ánni á þessum slóðum.

Inntaksmannvirkið verður í Birnudal í um 430 m hæð yfir sjávarmáli. Önnur kvísl Birnudalsár verður stíflud með um 2,5 m hárri steinsteyptri stíflu. Þaðan verður lögð u.þ.b. 1800 m löng þrýstipípa að stöðvarhúsinu sem verður niðurgrafin. Inntakið verður við ána um 380 m ofan við stöðvarhúsið. Stöðvarhúsið er áætlað um 70 m^2, að hluta til grafið inn í hlíðina. Gerður verður vegslóði frá stöðvarhúsinu að inntaksmannvirki. Slóðinn verður að mestu samhliða fallpípunni. Núverandi slóði inn Staðardal verður lagfærður. Virkjunin verður tengd dreifikerfi Rarik með 5 km löngum jarðstreng sem, að mestu leyti, verður lagður með núverandi slóða. Stöðin verður ómönnuð. Virkjað rennsli verður um 0,25 m3/s og nýtt fallhæð 380 m.

Markmið skipulagsgerðarinnar er að setja ramma utan um framkvæmdina og tryggja að framkvæmdin hafi sem minnst umhverfisáhrif. Unnið verður deiliskipulag af svæðinu þar sem settir verða frekari skilmálar um framkvæmdina, þ.m.t. um frágang svæðis.

STAÐHÆTTIR OG AÐKOMA

Birnudalur er dalur sem liggur upp úr Staðardal, innarlega um 5 km norðan við þjóðveg 1. Birnudalur er í landi Kálfafellstaðar sem er gamalt prestsetur í Suðursveit í Hornarfjarðarbæ. Dalurinn liggur nokkuð hátt í landi og um hann rennur Birnudalsá sem er í tveim kvíslum þar til þær sameinast og falla um 300 m niður í Staðardal. Í Staðardal rennur Birnudalsá í Staðará. Neðst í Birnudalsá er foss og því er engin fiskigengd í ánni þar fyrir ofan og á umræddu framkvæmdarsvæði. Engir þekktir staðbundnir stofnar eru ofan fyrirhugaðrar stíflu. Dalurinn er fremur brattlendur og gil liggur í neðsta hluta hans, þar sem hann opnast niður í Staðardal. Gróður er fremur rýr, sá gróður sem þó er, er að mestu leyti graslendi auk votlendis í Selsmýri, sbr. vistgerðakort NÍ. Lítt grónir áraurar eru þegar 632komið er niður í Staðardal. Engin þekkt byggð hefur verið þetta innarlega í dalnum og engar minjar taldar vera á fyrirhuguðu svæði.

Vegslóði liggur inn Staðardal að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

MINJAR

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að skráning minja sé ekki lokið fyrir allt sveitarfélagið. Eftirfarandi kemur fram í greinargerðinni:

„Sveitarfélagið mun í samráði við Minjastofnun Íslands vinna að skráningu fornleifa á skipulagstímabilinu. Skráningu verður áfangaskipt og svæðum þar sem áform eru um mannvirkjagerð forgangsraðað fremst, t.d. þar sem áform eru um uppbyggingu miðstöðva og lykilstaða vegna ferðaþjónustu.“

Unnið verður að skráningu minja á þessu svæði á deiliskipulagsstigi. Ef áður óþekktar minjar koma í ljós skal haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um skipulagsgerð sveitarfélaga m.a. er fjallað um orkuflutning. Eftirfarandi kemur fram í stefnunni og er þessi breyting í samræmi við setta stefnu ríkisins: *„Skipulagsgerð sveitarfélaga:*

„2.5.1 Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvarðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.“

Ekki er búið að flokka landbúnaðarland í sveitarfélaginu en slíkt er fyrirhugað við næstu heildar endurskoðun aðalskipulags. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki nýtt til ræktunar enda stór hluti þess í brattlendi og lítt grónar áreyrar þegar því sleppir.

Ekki er neitt gildandi deiliskipulag á svæðinu eða svæðunum í kring sem taka þarf tillit til.

Stefna í gildandi aðalskipulagi

Í gildandi aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 er sett stefna um orkumál í kafla *10 – Veitur* og kafla *29 – Grunnkerfi og helgunarsvæði (G)*. Stefna um landnotkun á iðnaðarsvæðum er að finna í kafla *19 – Iðnaðarsvæði (I)*.

Stefna sveitarfélagsins í veitumálum er að bæta og styrkja veitukerfi sveitarfélagsins. Talin eru upp nokkur megin áherslumál og segir þar um orkumál:

Í sveitarfélaginu eru skilgreind fimm iðnaðarsvæði. Stefna og skilmálar sveitarfélagsins um iðnaðarsvæði eru settir fyrir hvert og eitt iðnaðarsvæði. Skilmálar sem gilda um iðnaðarsvæðin er:

- *Almennt skulu mannvirki á iðnaðarsvæðum taka mið af staðháttum – mannvirkjum sem fyrir eru og landslagi. Vanda skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.*

MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Skipulags- og matslýsing var tekin fyrir í skipulagsnefnd þann 05.04.2017 og kynnt frá 11.04.2017 til 03.05.2017.

Umsagnaraðilar við þessa breytingu eru; Skipulagsstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Veðurstofan, Skógrækt ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Fiskistofa og Landvernd.

SAMÞYKKT RÁÐUNEYTIS

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sendi bréf til sveitarfélagsins dagsett þann 19. apríl 2017. Í bréfinu heimilar ráðuneytið að breyta landnotkun á þessum svæðum úr landbúnaðarlandi í aðra landnotkun. Vísar ráðuneytið til 6. gr. jarðalaga nr. 81/2014.

VERNDARGILDI

Umrætt svæði er innan svæðis nr. 632 á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera:

„Stórbrotið landslag, jarðmyndanir s.s. jökulminjar og gabbróhnuliungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1100-1300 m hæð.“

Þegar hefur verið leitað umsagna hjá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir sjálfri framkvæmdinni á undirbúningsstigi m.a. vegna þess að hún liggur innan svæðis á náttúruminjaskrá nr. 632. Báðar stofnanirnar nefna að svæðið sé á náttúruminjaskrá og því skuli vanda til verks en hvorug stofnunin telur að líklegt sé að verndargildi svæðisins verði fyrir áhrifum út frá fyrirliggjandi gögnum. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur áherslu á að svæðið verði kannað betur og mun sveitarfélagið gera slíkt í samráði við Náttúrustofu Suðausturlands. Taka skal tillit til niðurstöðu þeirrar könnunar við deiliskipulagsgerð fyrir litla virkjun. Áhersla skal vera á að draga úr mögulegum áhrifum á verndargildi svæðisins sem felast að mestu í jarðminjum og stórbrotnu landslagi.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingin fellst í því að landnotkun á um 5 ha svæði er breytt úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir m.a. um iðnaðarsvæði: *„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“*

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Á uppdrætti Suðursveit – Mýrar er iðnaðarsvæði afmarkað með hring og fær númerið I 7. Svæðið er um 5 ha og skilgreint inni í landi Kálfafells.

BREYTING Í GREINARGERÐ

Í kafla 19 er bætt við línu í töflu nr. 19.1 og töflutexta breytt. Tafla samkvæmt gildandi aðalskipulagi:

Tafla 19.1 Iðnaðarsvæði á Höfn, í Lóni og Nesjum

I nr.	Starfsemi / staðsetning
I 1	Sorpurðunarsvæði í Skarðsdal. Stærð um 10 ha.
I 2	Söfnunarsvæði fyrir brotajárn, við Horn. Stærð um 1 ha.
I 3	Í Hjarðarnesi, steypustöð. Stærð um 0,5 ha.
I 4	Leiðarhöfði - skólpdælustöð – svigrúm fyrir mannvirki og aðkomu. Stærð um 0,5ha.
I 5	Smyrlabjargaárvirkjun – vatnsaflsvirkjun 1,3 MW. Stærð um 5 ha.

Lína sem bætt er við töfluna vegna breytingar og breyting á töflu texta:

Tafla 19.1 Iðnaðarsvæði

I nr.	Starfsemi / staðsetning
I 7	Lítil virkjun í Birnudal í landi Kálfafells- vatnsaflsvirkjun allt að 950 kW. Virkjun verður tengd dreifikerfi RARIK með jarðstreng, sem lagður verður með aðkomuslóða, eftir því sem kostur er. Stærð allt að 5 ha.

UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu nr. 2. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Í skipulagslýsingunni sem var sameiginleg fyrir fleiri breytingar voru eftirfarandi umhverfisþættir og matsspurningar settar fram og eru þær notaðar við að meta umhverfisáhrif breytingarinnar:

***Tafla 1.** Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar.*

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Mun breytingin fela í sér áhrif á jarðmyndandir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Náttúruverndaráætlun svæði nr. 632
Vatnafar og lífríki	Mun breytingin hafa áhrif á rennsli í Birnudalsá? Mun breytingin hafa áhrif á lífríki Birnudalsár?	Greinargerð framkvæmdaraðila, greining á rennsli árinnar.
Gróður og dýralíf	Mun breytingin hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, kafli IX og áhersla á 61. gr. Náttúruverndaráætlun svæði nr. 632
Landnotkun	Mun breytingin hafa áhrif á notkun svæðisins til útivistar? Munu breytingin hafa áhrif á verndarsvæði?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, kafli IV Náttúruverndaráætlun, verndargildi svæðis nr. 632
Ásýnd og landslag	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæða? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif? Mun breytingin hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?	Náttúruverndarlög nr. 60/2013, 69. gr. Stefna í gildandi aðalskipulagi um mannvirkjagerða í sveitum.
Samfélag	Mun breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?	Sett markmið í gildandi aðalskipulagi um að efla atvinnu í sveitarfélagin.
Minjar	Mun breytingin hafa áhrifa á friðlýstar fornminjar? Mun breytingin hafa áhrif á friðlýstar náttúruminjar ?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar Náttúruverndarlög nr. 60/2013 Náttúruverndaráætlun svæði nr. 632
Heilsa og öryggi (náttúruvá)	Er hætta á flóðum vegna flóða/jökulhlaupa þar sem fyrirhuguð er uppbygging?	Gildandi aðalskipulag, afmörkun svæða undir náttúruvá.



Gildandi uppdráttur - mkv.1:50.000



Uppdráttur eftir breytingu - mkv.1:50.000



Hluti af uppdrætti fyrir Suðursveit - Mýrar - Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

Iðnaðarsvæði [I]
Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
Landbúnaðarsvæði [L]
Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
Óbyggt svæði [ÓB]
Ár (blátt)
Varnargarðar (brúnt)
Tún
Skurðir
Hjólreiða, göngu- og reiðstígar
Raflína
Ljósleiðari
Búsetumínjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifafélaginu
Stofnvegir
Tengivegir
Aðrir vegir
Önnur náttúruvernd (ÖN)

VALKOSTIR

Ekki komu fleiri kostir til greina en valin kostur og núll kostur sem fellst í óbreytt ástand skv. gildandi aðalskipulagi. Þar sem lítil virkjun er háð tæknilegum forsendum s.s. fallhæð, rennsli í á o.s.frv. var ekki um annan kost að ræða. Hér eru bornir saman þessir tveir kostir.

1. Núll kostur
   - Birnudalur hefur verið nýttur sem beitiland til sumarbeitar.
2. Virkjun í Birnudal
   - Slóð inn Staðardal verður lagfærð, inn að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Gert verður ráð fyrir stíflu í farvegi og vatn verði leitt í pípu að stöðvarhúsi. Virkjun verður tengd dreifikerfi Rarik með jarðstreng sem lagður verður meðfram slóða, eftir því sem kostur er.

***Tafla 2.** Umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingin hefur áhrif á.*

VALKOSTIR	JARÐFRÆÐI OG JARÐMYNDANIR	VATNAFAR OG LÍFRÍKI	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	LANDNOTKUN	ÁSÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
Núll – gildandi skipulag Engin uppbygging	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin á	Engin áhrif	Engin áhrif
Breytt skipulag Iðnaðarsvæði skilgreint fyrir litla virkjun í Birnudal	Fyrirhuguð virkjun er innan svæðis nr. 632 á náttúruminjaskrá. Áhrif hinsvegar óveruleg	Áhrif óveruleg þar sem aðeins örnur kvíslarinnar er nýtt.	Fyrirhuguð virkjun er innan svæðis nr. 632 á náttúruminjaskrá. Áhrif hinsvegar óveruleg	Óveruleg áhrif	Óveruleg en þó einnig háð útfærslu á framkvæmd	Óveruleg jákvæð áhrif á framkvæmdartíma þar sem störf skapast	Engar þekkta minjar eru á svæðinu	Engin áhrif

Jákvæð áhrif | Neikvæð áhrif | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif

NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS

Áhrif breytingarinnar eru á heildina talin óveruleg. Áhrif á minjar eru óviss þar sem ekki hafa verið skráðar minjar á svæðinu en engar þekktar minjar eru taldar vera á svæðinu. Við deiliskipulagsgerð fyrir litla virkjun skal gera fornleifaskráningu og skrá minjar ef einhverjar finnast.

Þar sem fyrirhuguð framkvæmd nær inn á svæði nr. 632 á náttúruminjaskrá skal setja sérskilmála í deiliskipulag fyrir svæðið um frágang og uppgræðslu, þar sem við á og hvernig staðið verði að framkvæmd m.a. gröft í hlíðum og útliti stíflu og stöðvarhúss. Um er að ræða litla framkvæmd sem talin er hafa óveruleg áhrif á ásýnd og jarðmyndanir en ávallt skal samt leitast við að fella framkvæmd og vegslóða sem best að landslagi. Stöðvarhúsið skal aðlaga sem best að landslagi svæðisins með því að fella það inn í hlíðina. Markmið með skilmálum í deiliskipulagi er að draga sem mest úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Gera skal skráningu náttúruminja í samráði við Náttúrustofu Suðausturlands. Ef raski er haldið í lágmarki og vandað til verka er ekki talið að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 632 á náttúruminjaskrá. Horft skal sérstaklega til laga nr. 60/2013 um náttúrvernd við skilmála gerð í deiliskipulagi. Við lagningu jarðstrengs skal þess gætt að votlendi við Selmýri raskist ekki. Áhrif á Birnudalsá eru einnig metin óveruleg þar sem foss er neðst í ánni og því engin fiskgengd í ánni þar fyrir ofan. Vatnsrennsli er ekki talið breytast þar sem aðeins er verið að virkja eina kvísl af tveimur. Ekki er metið að sveifla geti orðið á vatnsrennslinu og þarf af leiðandi ekki telið geta haft teljandi áhrif á lífríki. Engir þekktir staðbundnir stofnar eru ofan fyrirhugaðrar stíflu.

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:
þann _____ 2017

Bæjarstjórn:
þann _____ 2017

Tillagan var auglýst frá _____ 2017

með athugasemdafresti til _____ 2017

_____
(undirskrift)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010
þann_____

_____ _____

HORNAFJÖRÐUR

Aðalskipulagsbreyting Birnudalur

Tillaga			V01
Skipulagsstig/Hnitakerfi	Mælikvarði 1:50.000	Blaðstærð A2	Tölvnr. nr. 001
Unnið fyr. Sveitarfélagið Hornafjörð		Dags. 01.09.2017	Teiknað af EDÞ/KDG/ÁJ

STEINSHOLT

EFLA VERKFRÆÐISTOFA